

Nr. 035 / 15 Arnar í Hákoti KÓ 37**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6214
Smíðaður: Englandi 1979, plast
Stærð: 5,26 brl. 5,22 bt.
Mesta lengd: 8,66 m Skráð lengd: 8,34 m
Breidd: 2,42 m Dýpt: 1,05 m
Vél: Cummins 168 kW 1999
Fjöldi skipverja: 2



Arnar í Hákoti ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 18. september 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 3. apríl 2015 var Arnar í Hákoti KÓ 37 á siglingu 2,5 sml vestan við Sauðanes. Veður: Logn.

Á siglingunni urðu skipverjar varir við að mikinn reyk lagði upp frá vélarúminu. Eftir að hafa stöðvað vélina hringdi skipstjóri í Vaktstöð siglinga og tilkynnti um eld í vélarúmi. Þegar frá leið var ljóst að um gufu var að ræða en ekki reyk og í ljós kom að reim á kælivatnsdælu hafði slitnað en í leiðinni tekið í sundur rafmagnspráð við rafalinn svo rafmagn fór af rafkerfinu.

Elva Björg SI 84 dró bátinn til Siglufjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að þegar vélarúminu var lokað gleymdist að taka frá þarfaspotta sem notaður var til að binda lokið þegar það var opið. Lafði spottinn því inn í það. Tógið fór undir reimina þannig að hún spændist niður og eyðilagðist;
- að reimin var nýleg.

Nefndarálit:

Nefndin bendir á að hirðusemi er mikilvæg.